

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2022 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

á veitusvæði HS Veitna	6,52 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	9,10 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	7,06 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	8,15 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	6,01 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	6,22 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	6,20 kr./kWst.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

RARIK	4,68 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða, til og með 31. janúar 2022	4,77 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða, frá og með 1. febrúar 2022	5,01 kr./kWst.,
HS Veitur	147,80 kr./m <sup>3</sup> (3,27 kr./kWst.).

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2022, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tók gildi 1. janúar 2022 og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 1272/2021.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. febrúar 2022.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Stefán Guðmundsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*